

Fjármála-og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

SRSS/TPH/MPÁ

Reykjavík 31.8.2023

Efni: Ábendingar og tillögur RARIK ohf. til starfshóps um skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu mál nr. 119/2023

Tilfni þessarar umsagnar er ósk um sjónarmið hagsmunaaðila og annarra vegna vinnu nýs starfshóps sem falið er að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Starfshópurinn er skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra.

RARIK þakkar fyrir tækifæri til að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri á þessu stigi máls.

RARIK er opinbert hlutafélag í 100% eigu ríkisins sem rekur víðfeðmasta dreifikerfi landsins bæði í þéttbýli og dreifbýli. Dreifikerfið nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna í þessu strálbýlasta landi Evrópu. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru staðsettir í flestum sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, Reykjaness og Vestfjarða með nokkrum undantekningum. Núverandi og fyrirhuguð orkuvinnsla og skattalegt umhverfi hennar hefur þ.a.l. áhrif á nærsamfélög viðskiptavina RARIK.

Undanþága um fasteignamat

Þó svo að sú skoðun sem nú á að fara fram snúi einungis að skattlagningu m.t.t. *orkuvinnslu*, þá er starfshópnum einnig ætlað að skoða atriði úr skýrslunni *Vindorka valkostir og greining*¹. Þar kemur fram að einn valkostur gæti verið að *fella niður* undanþágu um fasteignamat á *orkumannvirki* í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. RARIK telur þ.a.l. mikilvægt að nefna nokkra punkta um fasteignamat og *orkumannvirki* strax á þessu stigi máls.

Í skýrslunni *Vindorka valkostir og greining* kemur einnig fram að tveir starfshópar hafi fjallað um skattlagningu orkumannvirkja. Báðir þessir starfshópar hafa rannsakað málið vel að mati RARIK og skilað um það greinargóðum skýrslum, þær er m.a. að finna á vefsíðu samtakanna *Samtök orkusveitarfélaga* sem eiga hrós skilið fyrir að safna saman greinargóðum upplýsingum um margt sem við kemur þessu viðfangsefni².

Fyrri starfshópurinn sem skipaður var af innanríkisráðherra skilaði skýrslu árið 2017³. Seinni starfshópurinn var skipaður af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og skilaði skýrslu árið 2021⁴. Því miður náði seinni hópurinn ekki samkomulagi um niðurstöðu en skýrslan er engu að síður greinargóð.

¹ [2023:Vindorka valkostir og greining](#)

² <https://orkusveitarfelog.is/>

³ [2017: Skýrsla starfshóps um endurskoðun á ákvæðum laga um mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku](#)

⁴ [2021: Skýrsla starfshóps um skattlagningu á mannvirki sem framleiða og flytja raforku, og eru ekki skattskyld samkvæmt núverandi lögum](#)

Dreifikerfið

Orkumannvirki sem ætluð eru til raforkudreifingar til almennings eru *innviðir*. Sem slíkir gegna þeir *samfélagslegu þjónustuhlutverki*. Dreifikerfi raforku eru rekin með það eitt að leiðarljósi að þjónusta þau nærsamfélög þar sem þau eru staðsett. Sama á við um t.d. vegi, vatnsveitur, hitaveitur, fráveitur o.s.frv.

Dreifikerfi raforku tilheyra einnig heildarkerfi sem takmarkast þá ekki endilega við eina landareign og/eða eitt tiltekið sveitarfélag. Í lögum um mat og skráningu fasteigna nr. 6/2001 er gert ráð fyrir því að fasteignir séu *afmarkaður hluti lands*, sbr. 3. gr. laganna, sjá einnig minnisblað frá Lex lögmannstofu frá árinu 2016⁵.

Langstærstur hluti eigna RARIK eru í dreifbýli. Skattur sem væri reiknaður með einhverskonar fasteignamati á eignir RARIK myndi þess vegna auka þrýsting til hækkunar á verðskrá⁶ og yrði sá þrýstingur umtalsvert *meiri* í dreifbýli en í þéttbýli.

Allar hugmyndir um að skattleggja dreifikerfi m.t.t. fasteignamats umfram það sem nú er gert myndi þ.a.l. að mati RARIK vinna gegna markmiðum raforkulaga um hagsmuni neytenda og ákvæðum um jafnræði sbr. m.a. 16. gr. sömu laga.

Þéttbýli og dreifbýli almennt

Skiptar skoðanir hafa verið um þá aðferðarfræði að skipta verðskrá í þéttbýlisverðskrá annars vegar og dreifbýlisverðskrá hins vegar, sbr. raforkulög nr. 65/2003. Sú leið sem farin hefur verið hér á landi lýtur að því að ná fram sem mestu jafnræði í verðlagningu á dreifingu raforku í okkar strjálbýla landi, en jafnframt hafa verðskrá sem endurspeglar kostnað dreifikerfisins. Með því er t.d. komið í veg fyrir að íbúar í þéttbýli á dreifiveitusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða þurfi einir íbúa í þéttbýli hér á landi að standa undir kostnaði við hið umfangsmikla dreifikerfi í dreifbýlinu. RARIK hvetur aðila til að kynna sér grein sem birtist á heimasíðu fyrirtækisins þann 9. desember sl. og fer m.a. ítarlega ofan í samanburð á þéttbýlis- og dreifbýlisverðskrá sem og hugsunina á bak við þessa skiptingu og regluverkið í kringum hana⁷.

Flutningskerfið

Flutningslínur og/eða vegir sem tengja saman stærri landsvæði þjóna oft ekki með beinum hætti þeim landsvæðum sem þau er lögð í gegn um. Þau sjónarmið að slík mannvirki geti rýrt virði landsvæða koma reglulega fram. Það er einmitt þess vegna sem slík mannvirki fylgja ströngum kröfum hvað varðar leyfisveitingar og samráð við hagaðila.

Flutningskerfið sem er rekið er af Landsneti gegnir því hlutverki að *flytja mikið magn af orku í einu* á milli landshluta og til dreifiveitna annars vegar og til skilgreindra stórnotenda hins vegar⁸. RARIK tekur við rafmagni frá Landsneti á yfir 40 afhendingarstöðum víðsvegar um landið og greiðir Landsneti fyrir þá þjónustu í gegnum flutningsgjaldskrá fyrirtækisins. Sá kostnaður varpast svo beint yfir á viðskiptavinum RARIK í gegnum verðskrá vegna dreifingar raforku, og er beinn flutningskostnaður að meðaltali í kringum 20-30% af árlegum kostnaði viðskiptavina RARIK, en RARIK rúkkar fyrir flutninginn

⁵ Bls. 102 í Skýrslu starfhóps: [2017: Skýrsla starfhóps um endurskoðun á ákvæðum laga um mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku](#)

⁶ Sérleyfisfyrirtækjum eins og RARIK eru sett tekjumörk í samræmi við 12. og 17. gr. raforkulaga. Fasteignagjöld eru hluti af rekstrarkostnaði fyrirtækisins skv. tekjumörkum. Aukin fasteignagjöld myndu leiða til aukinna gjalda og þar af leiðandi auka þrýsting til hækkunar á verðskrá (gjaldskrá), og þá sérstaklega í dreifbýli.

⁷ <https://www.rarik.is/frettir/umfjollun-rarik-um-raforkuverd-og-verdskra-i-thettbyli-og-dreifbyli>

⁸ Sbr. 19. tl. 3.gr. raforkulaga nr. 65/2003.

í gegnum sína verðskrá. Aukin fasteignagjöld á flutningskerfið myndu því einnig hækka verðskrá til viðskiptavina RARIK.

Orkuvinnsla

Það hefur verið uppi óvissa um það hvort mannvirki til framleiðslu raforku með *vindi* séu undanþegin fasteignamati og telur RARIK nauðsynlegt að eyða slíkri óvissu.

Það myndi líklega þýða breytingu á undanþágu í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, og er það skilningur RARIK að það sé einmitt þetta sem skýrslan *Vindorka valkostir og greining* er að vísa til. Í framangreindum lögum er ekki gerður greinarmunur á starfsemi orkumannvirkja m.t.t. þess hvort þau flytja, dreifa eða framleiða raforku⁹. Breytingin þyrfti því að vera viðameiri en bara að fella niður undanþágu í 3. tl. 1. mgr. 26.gr sömu laga. Fyrri starfhópar hafa fjallað nokkuð ítarlega um þetta.

Hvort eða hvernig vindorkumannvirki skuli metin til fasteignagjalda og þá hvernig slíkur skattur myndi skiptast á milli nærliggjandi sveitarfélaga er mestmegnis pólitísk ákvörðun, þó eflaust væri heppilegt að hafa þar skýr markmið ásamt skynsamlegri og fyrirsjáanlegri reiknireglu bæði m.t.t skattstofns og skiptingar.

Að öðru leiti tekur RARIK undir ítarleg og greinargóð sjónarmið Samorku er þetta varðar, sem fram koma í skýrslum þeirra starfshópa sem vísað var til hér að framan frá árunum 2017 og 2021.

Lokaorð

RARIK vill að lokum koma á framfæri skilningi og stuðningi við þau sjónarmið að jafna þurfi dreifingu á þeim verðmætum sem orkuvinnsla skapar, en einnig ítreka mikilvægi þess að skattheimta orkuvinnslu byggi á skýrum markmiðum þar sem hagsmunir heildarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

RARIK þakkar fyrir og áréttar að mikil þekking á sögu raforkumála, þróun regluverks og orkumálum almennt er innan fyrirtækisins og eru fulltrúar fyrirtækisins ávallt reiðubúnir til samtals við stjórnvöld.

Virðingarfyllst,



Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir
Aðstoðarforstjóri

⁹Um þetta hefur víða verið fjallað, en sjá m.a. í [úrskurði yfirfasteignamatnefndar í máli nr. 9/2020](https://www.stjornarradid.is/urskurdi-yfirfasteignamatnefndar-i-mali-nr-9-2020) ([stjornarradid.is](https://www.stjornarradid.is))